

**Nd.**

**260. Plingsályktun**

um aukna landhelgigæslu.

(Afgreidd frá Nd. 3. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

- a. Að anka landhelgigæsluna við innanverðan Faxaflóa og að sunnanverðu á Breiðafirði á þeim tíma árs, þegar þörfin er brýnust, og með þeim hætti, er hentast þykir, enda verði á engan hátt dregið úr þeirri sjergæslu, er verið hefir á sunnanverðum Faxaflóa.
- b. Að haldið sje úti sjerstökum mótorbáti til landhelgigæslu á svæðinu frá Hornbjargi að Straumnesi við Patreksfjörð yfir mánuðina maí—desember, nema vissa sje fyrir því, að hin stærri landhelgigæsluskip ríkisins geti annast það svo vel sje.
- c. Að haldið verði úti sjerstökum mótorbáti til landhelgigæslu á innanverðum Húnaflóa yfir mánuðina maí—október. Þó sje á engan hátt dregið úr starfsemi hinna stærri landhelgigæsluskipa á flóanum.